



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 4. júlí 2018

Ákvörðun nr. 22/2018

Kaup L1041 ehf. á 40% eignarhlut í ST eignarhaldsfélagi ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi, dags. 5. júní 2018, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup L1041 ehf. (hér eftir L1041) á 40% eignarhlut í ST eignarhaldsfélagi ehf. (hér eftir ST eignarhaldsfélag). Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá í samræmi við 1. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum, þ.e. svokölluð styttri samrunatilkynning. Eftirlitið mat þá skrá fullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Með bréfi dags. 12. júní 2018 var samrunaaðilum tilkynnt um það og þeir frestir sem eftirlitið hefði til að rannsaka samrunann hefðu byrjað að líða 6. júní 2018.

Undir meðferð málsins gaf Samkeppniseftirlitið keppinautum samrunaaðila færi á að koma fram með sjónarmið sín varðandi áhrif samrunans á samkeppni. Engin sjónarmið bárust eftirlitinu. Ýmis gögn og upplýsingar fyrir hjá samrunaaðilum, auk þess sem stofnunin hefur aflað gagna í fyrri rannsóknum á viðkomandi og tengdum mörkuðum. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar og viðhorf þessara aðila skipta máli fyrir niðurstöðu þessa máls er þeirra getið í ákvörðuninni.

II.

Samruninn

L1041 er núverandi eigandi að 50% eignarhlut í ST eignarhaldsfélagi en það félag á 100% eignarhlut í Steypustöðinni ehf. (hér eftir Steypustöðin). Samkvæmt samrunaskrá er enginn eiginlegur rekstur í L1041 en eini tilgangur félagsins er starfsemi eignarhaldsfélags og fjárfestingar í hlutabréfum. L1041 er í eigu Mókolls ehf. (hér eftir Mókollur).

Mókollur er félag sem hefur engan eiginlegan rekstur en Mókollur er eignarhaldsfélag um dótturfélög sem starfa við fasteignarekstur og í byggingarstarfsemi. Tilgangur þess samkvæmt samþykktum er kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Hinn 50% eigandi ST eignarhaldsfélags er Bósi ehf. (hér eftir Bósi) sem er í eigu Ellerts Alexanderssonar, Alexanders Ólafssonar og Ólafs Sveinssonar. Bósi á ekki hlut í öðrum félögum.



Steypustöðin er dótturfélag ST eignarhaldsfélags. Steypustöðin er fyrirtæki sem starfar við framleiðslu á steinsteypu til notkunar við mannvirkjagerð. Auk þess framleiðir fyrirtækið og selur hellur og einingar, rekur múrverslun og starfrækir flotdeild sem framleiðir ýmis sementsbundin gólfilagningarefni. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum er rekstur steypustöðva, vinnsla jarðefna, rekstur byggingavöruverslunar og skyldur rekstur.

Steypustöðin er 100% eigandi að Loftorku Borgarnesi ehf., Hraun-Sandi ehf., Alexander Ólafssyni ehf. og Tak-Malbiki ehf.¹

III.

Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar, þ.m.t. þegar tiltekið fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki eða kaupir eignir þess. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum L1041 á 40% eignarhlut í ST eignarhaldsfélagi felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

1. Markaður

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði út frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

1.1 Vöru- og þjónustumarkaður

Í samrunaskrá kemur fram að Samkeppniseftirlitið hafi í ákvörðunum sínum fjallað um þá markaði sem samrunaaðilar starfi á, sbr. m.a. ákvörðun nr. 31/2010, *Yfirtaka Arion banka hf. á B.M. Vallá*, nr. 13/2011, *Samruni ST eignarhaldsfélags ehf. og Steypustöðvarinnar ehf.*, nr. 9/2012, *Yfirtaka BMV Holding ehf. á BM Vallá ehf.*, nr. 20/2014, *Yfirtaka Hornsteins ehf. á BM Vallá ehf., Björgun ehf. og Sementsverksmiðjunni ehf.*, og nr. 1/2017, *Kaup Skógarsala ehf. á rekstri og eignum Loftorku í Borgarnesi ehf.* Vísar samrunaaðilar til þessara ákvarðana þar sem við á til fyllingar þeim upplýsingum sem fram koma í samrunaskrá.

Í samrunaskrá segir jafnframt að samkeppnisleg skörun á milli starfsemi samrunaaðila sé lítil að mati þeirra þar sem meginstarfsemi hvors félags um sig sé ólík. Á grundvelli framangreindra ákvarðana líta samrunaaðilar svo á að þeir markaðir er áhrifa samrunans muni einkum gæta séu annars vegar steypuframleiðsla og hins vegar sala á forsteyptum einingum.

Að mati samrunaaðila hefur Steypustöðin sterka stöðu á steypuframleiðslumarkaði en áætla megi að Steypustöðin sé með 55-65% markaðshlutdeild. Þá gæti áhrifa vegna stöðu Alexanders Ólafssonar ehf., Hraun-Sands ehf. og Tak-Malbiks ehf., sem birgja, sbr. áður nefndar ákvarðanir. Samrunaaðilar telja að staða Steypustöðvarinnar og dótturfélaga hafi lítið breyst frá því sem rakið sé í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2017 og því vísa samrunaaðilar til umfjöllunar um áætlaða markaðshlutdeild í fyrri ákvörðunum. Þá

¹ Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2017, *Kaup Skógarsala ehf. á rekstri og eignum Loftorku í Borgarnesi ehf.*, var fjallað um þessi félög. Til fyllingar er vísað til umfjöllunar þar.



benda samrunaaðilar á að helsti samkeppnisaðili steypustöðvarinnar sé B.M. Vallá og að mati samrunaaðila muni staða Steypustöðvarinnar gagnvart B.M. Vallá hvorki batna né versna við samrunann.

Samrunaaðilar telja að samruninn muni ekki hafa nein áhrif á neytendur á steypuframleiðslumarkaðnum, eða á aðra milliliði. Eins og áður hafi verið rakið sé L1041 og tengdir aðilar, og Steypustöðin og dótturfélög, í mismunandi starfsemi. Kaupin muni hvorki hafa áhrif á verðlagningu hjá L1041 og tengdum félögum né Steypustöðinni og tengdum félögum, hvorki gagnvart almennum neytendum né öðrum milliliðum. Á grundvelli skattalegra sjónarmiða hafi það verið haft að leiðarljósi hjá aðilum tengdum L1041 að öll viðskipti milli tengdra aðila fari fram á armslengdargrunni og að engir óeðlilegir afslættir eða viðskiptakjör séu í gildi. Þá telja samrunaaðilar samrunann ekki skapa aðgangshindranir að viðkomandi mörkuðum né að samkeppnisleg staða keppinauta samrunaaðila skerðist við samrunann.

Að mati samrunaaðila eru þau skilyrði, sem sett hafi verið í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2011, er snerta Alexander Ólafsson ehf., Hraun-Sand ehf. og Tak-Malbik ehf., sem og skilyrði sem sett hafi verið í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2017, enn í gildi þrátt fyrir breytingu á yfiráðum með kaupum L1041 á 40% eignarhlut Bósa í ST eignarhaldsfélagi.

Mat Samkeppniseftirlitsins

Með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að við rannsókn þessa máls hafi ekkert komið fram sem gefi til kynna að skilgreina beri markaðinn með öðrum hætti en gert hafi verið í fyrri ákvörðunum eftirlitsins. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið unnt að skilgreina þann markað sem ST eignarhaldsfélag og dótturfélög þess starfa á sem markað fyrir steypuframleiðslu annars vegar og hins vegar fyrir framleiðslu og sölu á forsteyptum einingum, sbr. m.a. ákvörðun eftirlitsins nr. 1/2017.

1.2 Landfræðilegur markaður

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnis skilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum. Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á viðkomandi svæði og aðliggjandi svæðum eða verðmunur. Fræðilega séð getur landfræðilegur markaður verið ýmist staðbundinn, svæðisbundinn, landsmarkaður eða alþjóðamarkaður.

Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður vegna fjárfestingastarfsemi á vegum L1041 eingöngu Ísland. Landfræðilegur markaður vegna vinnslu á steinefnum og framleiðslu á steinsteypu sé frekar takmarkaður við landssvæði. Hár flutningskostnaður hamli samkeppni á milli áma sem staðsettar séu í ólíkum landshlutum. Með vísan til framangreinds telja samrunaaðilar viðkomandi landfræðilegan markað vera Ísland.

Mat Samkeppniseftirlitsins

Í þessu máli er það mat Samkeppniseftirlitsins að nægjanlega nákvæmt sé að skilgreina markaðinn þar sem áhrif gætir sem landið allt, Ísland.



2. Mat á áhrifum samrunans

Fyrir samrunann var L1041 eigandi að 50% eignarhlut í ST eignarhaldsfélagi. Hinn 50% eigandi ST eignarhaldsfélags var Bósi. Með samrunanum verður sú breyting á að L1041 fer með 90% eignarhlut í ST eignarhaldsfélagi og Bósi fer með 10% eignarhlut.

Að öllu framangreindu virtu telur Samkeppniseftirlitið að samruni þessi hafi engin skaðleg áhrif á samkeppni. Um er að ræða breytingar á yfirráðum yfir ST eignarhaldsfélagi. Samkeppni er ekki að raskast með umtalsverðum hætti og hvorki er markaðsráðandi staða að myndast né slík staða að styrkjast. Því er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki séu forsendur til íhlutunar í þessu máli á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga. Þá er það mat Samkeppniseftirlitsins að þau skilyrði sem sett voru í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2011, er snerta Alexander Ólafsson ehf., Hraun-Sand ehf. og Tak-Malbik ehf., sem og skilyrði sem sett voru í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2017 séu enn í gildi.

IV.

Ákvörðunarorð

„Kaup L1041 ehf. á 40% eignarhlut í ST eignarhaldsfélagi ehf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson